

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 289/2015**

2017/EES/38/57

frá 30. október 2015

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1342 frá 22. apríl 2015 um breytingu á aðferðafræði fyrir vöruflokkun eftir atvinnugreinum sem gefin er upp í viðauka A við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 <sup>(1)</sup>.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 19z (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32015 R 1342:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1342 frá 22. apríl 2015 (Stjúd. ESB L 207, 4.8.2015, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/1342, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. október 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Oda Sletnes**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjúd. ESB L 207, 4.8.2015, bls. 35.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.